

GJALDSKRÁ**Rafveitu Akureyrar.****RAFORKUVERÐ.**

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 912,00		4,67
A2 Almenn notkun. Öll almenn notkun ótalin annars staðar	1 912,00		5,31
A3 Mannvirkjagerð	1 912,00		7,51
Afltaxtar.			
B1 Afl- og orkumæling	3 823,00	6 623,00	1,45
B2 Sértaxti Gefjunar	3 823,00	6 717,00	0,79/0,70
B3 Afl- og orkumæling	3 823,00	5 298,00	1,16
Hitataxtar.			
C1 Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	3 823,00		1,74
C2 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	3 823,00		1,46
C3 Órofin hitun	3 823,00		3,68/2,31

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm ²	Málstr. A.	Heimtaugagjöld	
		220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	9 094,00	9 094,00
3× 10	63	33 626,00	33 626,00
3× 50	125	52 725,00	55 361,00
3× 95	200	79 086,00	110 062,00
3×150	260	100 176,00	141 037,00
3×240	315	131 811,00	184 535,00
3×300	400	171 354,00	237 259,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	6 116,00	903,00	11 458,00
63 A 3-fasa	8 563,00	903,00	13 131,00
100 A 3-fasa	9 021,00	1 193,00	15 291,00

Málstraumur heimtaugar mðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 685,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 685,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

- A1 Taxi fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
- A2 Taxi fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
- A3 Taxi fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári. Þessi taxi er ætlaður sem vélataxi en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 77,00 kr/m².
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
- B2 Taxi fyrir sölu á 11 kV.
- B3 Taxi fyrir dælingu á heitu vatni. Án söluskatts.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu kl. 08 til 23.
- C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 24, 28. apríl 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1988.

F. h. r.

Guðrún Skúladóttir.

Baldur Pétursson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 1 940,00 kr/ár |
| Orkugjald | 4,89 kr/kWh |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- | | |
|------------------|----------------|
| Fast gjald | 3 880,00 kr/ár |
| Orkugjald | 6,36 kr/kWh |

B. Afltaxtar.

- B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:
- | | |
|------------------|-------------------|
| Fast gjald | 33 300,00 kr/ár |
| Aflgjald | 6 180,00 kr/kW/ár |
| Orkugjald | 1,43 kr/kWh |

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

- B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:

Aflgjald	11 700,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	13 400,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	25 100,00 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnþúnaði rafmagnsveitunnar.